



## Reglur Hrunamannahrepps um úthlutun sérstakra íþróttá- og frístundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021

### **1.gr.**

#### **Tilfni**

Reglur þessar eru gefnar út til að samræmis sé gætt við úthlutun sérstakra íþróttá- og frístundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþróttá- og frístundastarf, sbr. fjárukalög fyrir árið 2020, sbr. og lög nr. 26/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

### **2. gr.**

#### **Inntak styrkveitingar**

Fyrir lok skólaárs 2020-2021 skal greiða íþróttá- og frístundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 sem eru með lögheimili á tekjulágum heimilum. Með tekjulágum heimilum er átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020, sjá nánar í 3. gr. um staðfestingu á tekjuviðmiði.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþróttá- og frístundastarf á skólaárinu 2020-2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Íþróttá- og frístundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþróttá- og frístundastarfi. Ekki er heimilt að nýta íþróttá- og frístundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum.

### **3. gr.**

#### **Umsókn**

Íþróttá- og frístundastyrk skv. 2. gr., er greiddur samkvæmt umsókn. Umsókn skal berast til sveitarfélags fyrir 1. mars 2021 og miða skal við að íþróttá- og frístundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Áður en sótt er um styrk skal umsækjandi senda beiðni um mat á tekjum í rafræna gátt hjá Ísland.is, þar sem fæst sjálfvirk niðurstaða hvort umsækjandi uppfylli tekjuviðmið 2. gr. Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið er sú niðurstaða send sjálfvirk til Hrunamannahrepps. Staðfesting á tekjuviðmiði er ekki umsókn til sveitarfélags.

Þegar sjálfvirk niðurstaða frá Ísland.is liggur fyrir sækir umsækjandi um styrk til sveitarfélagsins. Með umsókninni skulu fylgja gögn er sína fram á útlagðan kostnað við íþrótt- og frístundastarf barnsins á árinu 2020-2021. Fyrirliggjandi gögn vegna hvatarstyrkja sveitarfélagsins á skólaárinu 2020-2021 jafngilda slíkum gögnum.

#### **4. gr.**

##### **Málsmeðferð**

Umsókn eru afgreidd og niðurstaða kynnt umsækjanda svo fljótt sem unnt er. Ef umsókn er hafnað fær umsækjandi skriflegt svar í tölvupósti þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti.

Um málsmeðferð, þ.m.t kærueimild, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

#### **5. gr.**

##### **Gildistaka**

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um um sérstaka íþrótt- og frístundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021, öðlast þegar gildi.